

Nr. 12/2014  
14. maí 2014

## Niðurstaða gjaldeyrisútboða

Hinn 31. mars 2014 bauðst Seðlabanki Íslands til að kaupa evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi eða gegn greiðslu í ríkisverðbréfum í flokknum RIKS 33 0321. Jafnframt kallaði Seðlabanki Íslands eftir tilboðum frá aðilum sem vildu selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Útboðin tvö um kaup á evrum fóru fram á milli kl. 9:30 og 10:30 í dag. Krónukaupaútboðið fór fram á milli kl. 10:45 og 11:30. Útboðin voru liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum, samanber áætlun Seðlabankans um losun gjaldeyrishafta frá 25. mars 2011. Þetta má einnig sjá í skilmálum Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisviðskipti samkvæmt fjárfestingarleið að losun gjaldeyrishafta með síðari breytingum frá 18. nóvember 2011.

### Niðurstaða útboða um kaup á evrum

Alls bárust 126 tilboð að fjárhæð 52,3 milljónir evra og var tilboðum að fjárhæð 34,5 milljónir evra tekið. Útboðsverðið var ákveðið með þeim hætti að öll samþykkt tilboð voru tekin á sama verði (e. single price), sem var ákvarðað 190 kr. fyrir hverja evru.

Lykiltölur	Alls	Ríkisverðbréf	Fjárfestingarleið
Fjöldi tilboða	126	24	102
Heildarupphæð EUR	52,3 m	2,5 m	49,8 m
Tekin tilboð EUR	34,5 m	1,5 m	33,0 m

Sem greiðslu fyrir gjaldeyrinn í ríkisverðbréfaleiðinni fá fjárfestar afhent verðtryggð ríkisverðbréf RIKS 33 0321. Samtals voru seld bréf í flokknum fyrir 255 milljónir króna að nafnvirði. Sem greiðslu fyrir gjaldeyrinn í fjárfestingarleiðinni fá fjárfestar íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi. Samtals voru keyptar evrur að andvirði 6,6 ma.kr. í útboðunum tveimur.

### Niðurstaða útboðs um kaup á krónum fyrir evrur

Útboðsverðið var ákveðið með þeim hætti að öll samþykkt tilboð voru tekin á sama verði (e. single price), sem var ákvarðað 196 kr. fyrir hverja evru. Alls bárust 10 tilboð að fjárhæð 8,5 ma.kr. og var tilboðum að fjárhæð 6,4 ma.kr. tekið.

Lykiltölur	Alls
Fjöldi tilboða	10
Heildarupphæð ma.kr.	8,5
Tekin tilboð ma.kr.	6,4

Næstu gjaldeyrisútboð verða haldin 24. júní og 2. september 2014.

Nánari upplýsingar veitir Már Guðmundsson seðlabankastjóri í síma 569-9600.